

dannebrogsmanns B. G. Blöndals, fyrir undirrijet-  
inum greiðist 20 kr. úr opinberum sjóði.

Nr. 23/1877: Jón landshöfðingjaritari Jónsson  
gegn

Einari prentara Þórðarsyni  
fyrir hönd landsprentsmiðjunnar.

Dómur.

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu ekki ber  
með sjer, að hún sje birt hinum stefnda Einari prent-  
ara Þórðarsyni, og engin önnur sönnun er fram komin  
fyrir því, að hún sje löglega birt honum, nje heldur  
fyrir því, að hann hafi fallið frá birtingu stefnunnar,  
en hann hefur hvorki mætt nje mæta látið eptir henni  
hjer fyrir rjettnum, þá ber að vísa máli þessu frá yfir-  
dóminum, og hlýtur málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaðnr  
fyrir yfirdóminum falli niður.

Nr. 26/1877: Hið opinbera  
gegn

verzlunarstjóra V. Holm.

Dómur.

Mál þetta er risið út af því, að hinn kærði V.  
Holm, sem er verzlunarstjóri fyrir Sass & Söner á  
Ísafirði, hafi tekið niður auglýsingu frá lögreglustjóran-  
um í tjeðum kaupstað, sem fest hafði verið upp í búð  
hans, um að bannað væri að taka krækling á hinum  
svo kallaða «Musling» þar á kaupstaðarlóðinni, nema  
með leyfi bæjarstjórnarinnar. Gekk dómur í þessu máli  
fyrir lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 18. des. f. á.

með þeim úrslitum, að hinn kærði skyldi sýkn vera af kærum hins opinbera í málinu, en borga allan löglegan kostnað af því. Þessum dómi er áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Þar sem nú mál þetta er höfðað út af broti gegn 106. gr. hegningarlaganna, virðist hefði átt að höfðað þáð sem almennt sakamál, en í stað þess er það höfðað sem lögreglumál, engin stefna gefin út í því til hins kærða, nje honum gefinn kostur á, að fá sjer skipaðan talsmann, nje einu sinni tilkynnt, að mál yrði höfðað gegn honum út af brotinu. Allt um það álitur yfirdómurinn, að líta megi burt frá þeim göllum, sem þannig eru á meðferð málsins, og dæma það í aðalefni þess, með því að það í sjálfu sjer er svo einfalt, og mála- vextir svo augljósir, hvar við bætist, að skipun amtsins um að höfða málið hefur verið fram lögð fyrir hjeraðsrjettinum, og að hinn kærði hefur fengið tækifæri til að halda uppi fyrir sig allri þeirri vörn í málinu, er hann áleit við þurfa. Að vísu hefur hinn kærði kannazt við, að hafa tekið niður framannefnda auglýsingu, er hún hafði hangið nokkra stund í búð hans; en hins vegar hefur undirdómarinn sjálfur, sem einnig er lögreglustjóri í Ísafjarðarkaupstað, lýst því yfir, að það sje ekki venja að hengja upp opinberar auglýsingar í búð hins kærða, að ekki hafi verið beiðzt eptir leyfi hjá honum, til að festa þar upp þessa auglýsingu, og að hún hafi verið send í búð hans, ekki til þess, að hún væri fest þar upp, heldur til þess að hinn kærði, sem gjörir eignartilkall til hins svo nefnda «Muslings» fyrir hönd húsbænda sinna, sæi hana, og ekki gæti á eptir afsakað sig með, að hann ekki þekkti hana.

Með því að það þannig ekki verður álitid, að hjer liggi fyrir neitt brot gegn 106. gr. hegningarlaganna,

þar sem auglýsing sú, sem hinum kærða er gefið að sök að hafa tekið niður, ekki hafði verið fest upp að ráðstöfun yfirvaldsins, þá ber að dæma hann sýknan af ákærum sóknarans í þessu máli, og allur kostnaður af því, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, að greiðast úr opinberum sjóði.

Málið hefur í hjerði verið rekið með tilbærilegum hraða, og flutningur þess fyrir yfirdóminum verið lög-mætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, verzlunarstjóri V. Holm, á að vera sýkn af kærum sóknarans í þessu máli, og allur kostnaður af því að greiðast úr opinberum sjóði, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 1. októbermán.

Nr. 11/1877: Skapti ritstjóri Jósefsson  
gegn

Bergi amtmanni Thorberg.

Dómur.

Með dómi, gengnum að Akureyri 16. nóvembermánaðar 1876, er kandidat philos. Skapti Jósefsson, ritstjóri blaðsins Norðlings, dæmdur fyrir að hafa haft meiðandi orð um Berg amtmann Thorberg í nefndu blaði nr. 16, er út kom 21. janúar s. á., í 20 króna sekt til landssjóðs, og lúka allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það eigi hefði verið gjafsóknarmál, því amtmaðurinn hafði fengið gjafsókn við undirrjettinn,